

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Árið 2016, mánudaginn 22. febrúar, var haldinn 104. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn að Tjarnargötu 12 og hófst kl. 8:35. Viðstaddir voru: Ólafur Kristinsson, Inga Björg Hjaltadóttir, Ingvar Garðarsson og Sunna Jóhannsdóttir. Fundarritari var Hallur Símonarson.

### Þetta gerðist

- 1) Lögð fram óhæðisyfirlýsing KPMG vegna Orkuveitu Reykjavíkur sf. dags. 18.1.2016 IE16010007
- 2) Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar til SHS um störf nefndarinnar starfsárið 2015-2016 dags. 17.2.2016 sem kynnt var á fundi stjórnar SHS 19. þ.m. Jafnframt lagður fram ársreikningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) 2015 ásamt endurskoðunarskýrslu KPMG dags. feb. 2016. IE16020001  
Endurskoðunarnefnd staðfestir bréfið með vísan til heimildar í III kafla starfsreglna endurskoðunarnefndar sem samþykktar voru 25.8.2015 um afgreiðslu mála á milli funda.
- 3) Lögð fram ódags. drög að bréfi endurskoðunarnefndar til Strætó bs. um störf nefndarinnar og ársreikning 2015. IE16020001  
Samþykkt að formaður gangi frá bréfinu til stjórnar Strætó bs. eftir rýningu á skýrslu ytri endurskoðenda.
- 4) Lögð fram ódags. drög að bréfi endurskoðunarnefndar til Sorpu bs. um störf nefndarinnar og ársreikning 2015. IE16020001  
Samþykkt að formaður gangi frá bréfinu til stjórnar Sorpu bs. eftir rýningu á skýrslu ytri endurskoðenda.
- 5) Lögð fram drög að bréfi endurskoðunarnefndar til Faxaflóahafna sf. um störf nefndarinnar og ársreikning 2015. IE16020001  
Samþykkt að formaður gangi frá bréfinu til stjórnar Faxaflóahafna sf. bs. eftir rýningu á skýrslu ytri endurskoðenda
- 6) Lögð fram drög að bréfi endurskoðunarnefndar til Félagsbústaða hf. um störf nefndarinnar starfsárið 2015-2016. IE16020001  
Samþykkt að formaður gangi frá bréfinu til stjórnar Félagsbústaða hf. eftir rýningu á skýrslu ytri endurskoðenda
- 7) Formaður gerir grein fyrir fundi sem hann átti með stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. um störf nefndarinnar.
- 8) Kynnt drög að umsögn endurskoðunarnefndar vegna ársreiknings Orkuveitu Reykjavíkur sef. (OR) 2015 dags. 18.2.2016. Jafnframt kynnt drög að ársreikningi OR 2015 og greining fjármálastjóra OR á endurmati varanlegra fastafjármuna í uppgjöri OR. IE16020001
- 9) Lagt fram bréf borgarritara dags. 16. þ.m. um úrvinnslu á ábendingum úttektarnefndar borgarstjórnar, skýrslu Innri endurskoðunar um mat á eftirlitsumhverfinu 2014 og skýrslu endurskoðunarnefndar 2014 um skipan endurskoðunarnefndar og samskipti við borgarráð. IE14040004
- 10) Rætt um innri endurskoðunaráætlun samstæðu Reykjavíkurborgar 2015-2017 og stöðu verkefna.

- 11) Lagt fram bréf innri endurskoðanda til endurskoðunarnefndar dags. 4. þ.m. um niðurstöður eftirfylgniúttektar – aðgangsstýringar upplýsingakerfa. IE15090001  
Sigrún Lilja Sigmarsdóttir tekur sæti á fundinum og kynnir niðurstöður úttektar innri endurskoðunar.  
Endurskoðunarnefnd þakkar innri endurskoðun fyrir úttekt sína á aðgangsstýringum upplýsingakerfa og óskar eftir að innri endurskoðandi kalli eftir tímasettri viðbragðsáætlun viðeigandi stjórnenda við útistandandi ábendingum og að stjórnendur mæti á næsta fund nefndarinnar til að gera grein fyrir þeim.
- 12) Lögð fram drög að erindisbréfi innri endurskoðunar Strætó bs. ódags. IE15090005  
Samþykkt að óska umsagnar innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar um erindisbréfið hvað varðar samstarf á sviði innri endurskoðunar Strætó og Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar
- 13) Lögð fram til kynningar tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árin 2017 – 2021. IE15110003
- 14) Rætt um færslu lífeyrisskuldbindingar í ársreikning A-hluta Reykjavíkurborgar 2015 og að fá beiðni um utanaðkomandi umsögn sbr. heimild í 1. mgr. 3. greinar samþykktar fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar.

**Fundi slitið kl: 11:51**

Ólafur B. Kristinsson

Inga Björg Hjaltadóttir  
Sunna Jóhannsdóttir

Ingvar Garðarsson